



Egilsstaðaskóli

Sjálfsmatsskýrsla

2020 - 2021



Gleði – virðing - metnaður

Sjálfsmatsskýrsla Egilsstaðaskóla 2020 - 2021

Inngangur	bls. 3
Skólinn	bls. 4
Matsþættir í skólastarfinu	bls. 5
Kannanir Skólapúlsins og nemendakönnun Olweusar á umfangi eineltis.....	bls. 6
○ Nemendur: 1.-5. bekkur	bls. 7
○ Nemendur: 6. – 10. bekkur	bls. 8
○ Skólapúlsinn - foreldrar og forráðamenn.....	bls.10
○ Skólapúlsinn - Starfsfólk	bls.13
Niðurstöður samræmdra prófa	bls. 15
Lestur – Lesfimi	bls. 16
Umbótaaðgerðir / þróunarstarf	bls. 17
Ytri tengsl	bls. 18
Árangur nemenda á ýmsum vettvangi	bls.19
Styrkleikar og veikleikar	bls. 19
Samantekt	bls. 20
Fylgiskjöl:	
1. Fimm ára matsáætlun 2020 – 2025	bls. 22

Forsíðumynd er úr ljósmyndamaraþoni 9. og 10. bekkjar á vordögum 2020. Nemendur áttu að fanga nokkur orð á mynd og hér er það orðið «grímulaus» sem er túlkað.

Inngangur

Í grunnskólum skal fara fram innra mat þar sem kannaðir eru ýmsir þættir skólastarfsins yfir skólaárið. Þetta sjálfsmat skólanna er mikilvægt verkfæri til að greina styrkleika og veikleika skólastarfsins. Út frá matinu er hægt gera áætlanir um úrbætur um það sem betur má fara og styrkja markvisst þá þætti í skólastarfinu sem eru góðir.

Í lögum um grunnskóla, 8/2008 fjalla greinar nr. 35 og 36 um innra mat:

36. gr. Innra mat.

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í Egilsstaðaskóla er unnið eftir matsáætlun, sem sett er fram til 5 ára í senn og safnað gögnum vegna innra mats með ýmsum hætti. Viðamestar eru hefðbundnar kannanir þ.e. könnun Skólapúlsins fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn og könnun á einelti skv. Olweusaráætluninni, en auk þess er lagt mat á marga þætti í skólastarfinu s.s. í þróunarhópum, í margvíslegum verkefnum og þróunarstarfi, lesfimiþrófum Menntamálastofnunar, samræmdum prófum, skimunarprófum í lestri og stærðfræði auk annars s.s. starfsmannasamtala, tengslakannana meðal nemenda ofl.

Niðurstöður innra mats skólans skólaárið 2020 - 2021 eru birtar í þessari matsskýrslu. Skýrslan er kynnt í skólaráði og fræðslunefnd. Auk þess eru einstakir þættir kynntir nemendum, starfsmönnum og foreldrum. Matsskýrsla skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Viðmið skólans um árangur er að 80% svörunar falli undir efstu tvo svarmöguleika af fjórum eða fimm. Fari svörun undir 80% er safnað frekari gögnum og/eða gerðar sérstakar áætlanir um úrbætur.

Skýrslan er þannig uppbyggð að fremst eru nokkrar staðreyndir um skólann og tilhögun skólastarfsins í vetur. Þá er yfirlit yfir matsþætti í skólastarfinu og farið sérstaklega yfir niðurstöður úr Skólapúlsinum og Olweusarkönnun. Farið er yfir niðurstöður lesfimiþrófa og samræmdra prófa auk þess sem fjallað er um ytri tengsl við aðila utan skólans. Ýmsir þættir í skólastarfinu hafa verið með öðrum hætti en yfirleitt vegna áhrifa Covid 19. Þannig hefur starf þróunarhópa- og nefnda verið í lágmarki og nemendur hafa ekki átt þess kost að spreyta sig á verkefnum eins og árshátíð og þátttöku í viðburðum utan skólans.

Í lok skýrslunnar er farið yfir veikleika og styrkleika í skólastarfinu.

Í starfshópi um innra mat skólans skólaárið 2020 - 2021 sátu:

Fjóla Rún Jónsdóttir

Marta Wium Hermannsdóttir

Ólöf Ragnarsdóttir

Sigrún Blöndal

Skólinn

Egilsstaðaskóli er heildstæður grunnskóli fyrir 1. – 10. bekk. Lítil hluti nemenda skólans býr í dreifbýlinu í kring og er skólaakstur á tveimur leiðum af svæði, sem er skilgreint skólahverfi Egilsstaðaskóla, þ.e. austan Lagarfljóts. Á Fljótsdalshéraði er frjálst skólaval svo nemendur úr öðrum skólahverfum geta sótt um skólavist í Egilsstaðaskóla.

Grunngildi skólans eru gleði, virðing og metnaður. Áhersla er lögð á virka nemendur, teymiskennslu og list- og verkgreinar í starfi skólans.

Egilsstaðaskóli er heilsueflandi skóli og hefur síðastliðinn vetur verið á grænni grein sem er undirbúningur fyrir það að skólinn geti orðið Grænfánaskóli. Egilsstaðaskóli vinnur einnig eftir Olweusaráætluninni gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Nánari upplýsingar um stefnu skólans er að finna á heimasíðu skólans www.egilsstadaskoli.is

Egilsstaðaskóli hefur starfað frá haustinu 1947. Í skólanum eru nú 24 kennslustofur auk sérgreinastofa. Frístund er einnig starfrækt í skólanum fyrir börn í 1. – 4. bekk en þar er boðið upp á vistun fyrir og eftir skóla. Í vetur voru 58 börn skráð í Frístund en það er breytilegt hvort börnin eru í morgun- og/eða síðdegisgæslu. Flest börnin í Frístund eru úr 1. og 2. bekk en fækkar svo eftir því sem þau verða eldri. Ekki er sérstök aðstaða ætluð fyrir Frístund og fer starfsemin fram í opnu rými á jarðhæð skólans og á morgnana er starfsemin í félagsmiðstöðinni Nýung sem er á skólalóðinni. Takmarka hefur þurft aðgang að Frístund vegna aðstöðuleysis og eru nemendur í 1. og 2. Bekk í forgangi, auk nemenda í 3. og 4. bekk sem búa við sérstakar aðstæður.

Tónlistarskólinn á Egilsstöðum er starfræktur í húsnæði Egilsstaðaskóla.

Í mötuneyti Fljótsdalshéraðs, sem staðsett er í Egilsstaðaskóla, eru eldaðar máltíðir fyrir grunn- og leikskóla sem staðsettir eru á Egilsstöðum og í Fellabæ, ríflega 700 máltíðir á dag.

Vorið 2021 eru 383 nemendur í skólanum og eru u.þ.b. 10% þeirra tvítyngdir og 24 nemendur búa í dreifbýli.

Starfsmenn skólans eru um 90, í um 67 stöðugildu alls.

Starf	Fjöldi	stöðugildi
Stjórnendur	5	3,5
Kennarar (þmt. sérkennarar, 3 þroskaþjálfar, 1 námsráðgjafi)	56	43,45
Almennir starfsmenn (þmt. ritari, húsvörður, skólaliðar, stuðningsfulltrúar)	29	21,23

Viðfangsefni mats á skólastarfi Egilsstaðaskóla 2020 - 2021

Viðfangsefni mats á skólastarfi 2020 - 2021					Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Viðmót og menning	Nemendur	Mannauður	Aðbúnaðar	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Matsþáttur / hvað kannað		Matsaðilar	Hvenær	Þátttakendur										
Skólanámskrá	Endurskoðun skólanámskrár og uppfærsla áætlaða; rafrænir kennsluhættir, jafnréttisáætlun, nýsköpun, áfallaáætlun.	Kennarar		Stjórnendur, kennarar	x	x				x				
Olweusaráætlunin gegn einelti	Könnun lögð fyrir nemendur þar sem kannað er hvort nemendur hafi orðið fyrir áreiti eða einelti.	Olweusarteymi skólans	nóvember	5.-10.bekkur				x	x					
Skólapúlsinn	Nemendakönnun; lestur, vellíðan, ánægja með verkefni í skóla	Skólapúlsinn	maí	Nemendur í 1. – 5. bekk.		x			x					
	Nemendakönnun; Virkni, líðan og heilsa, skóla og bekkjarandi	Skólapúlsinn	Deilt á 4 skipti yfir veturinn	Nemendur úr 6.-10.bekk.		x		x	x					
	Foreldrakönnun; Nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða.	Skólapúlsinn	febrúar	Úrtak foreldra af öllum stigum skólans		x		x			x			
	Starfsfólk; Starfið, vinnustaðurinn, stjórnun. Kennarar: Starfið, vinnustaðurinn, stjórnun, starfsumhverfi kennara. Frekari úrvinnsla úr starfsmannakönnun.	Skólapúlsinn / hópavinna á starfsdegi	Mars /apríl	Allt starfsfólk svarar könnun í mars / tók þátt í hópavinnu				x		x	x	x		
Starfsmanna-samtöl	Allir starfsmenn eru boðaðir í starfsmannasamtal til stjórnenda.	Stjórnendur	Febrúar - mars	Allir starfsmenn	x			x		x	x			

Teymi /þróunarhópar	Niðurstöður teyma/þróunarhópa. Árgangateymi, þróunarhópar. Vinaliðar.	Stjórnendur, deildarstjórar, sérkennarar.		Stjórnendur, kennarar, sérfræðingar innan og utan skóla, foreldrar.	x	x	x	x	x	x				x	
Samræmd próf	Niðurstöður samræmdra prófa í íslensku og stærðfræði í 4., 7. og 9. bekk og ensku að auki í 9. bekk.	Samræmd próf: Menntamála-stofnun		Nemendur í 4., 7. og 9. bekk.		x	x		x						
Ýmsir viðburðir; framkvæmdamat	Ýmsir viðburðir í skólanum; árshátíðir, uppbrotsdagar	Stjórnendur, kennarar	Allt skólaárið	Allir nemendur, kennarar, annað starfsfólk, foreldrar/ aðstandendur	x				x					x	

Kannanir Skólapúlsins og nemendakönnun Olweusar á umfangi eineltis

Kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir mismunandi hópa yfir veturinn. Miklar upplýsingar fást í þessum könnunum sem nýtast vel í gerð úrbótaáætlunar fyrir komandi ár. Flestar tölur eru gefnar upp á stöðluðum skala (svk.staðalniur) með meðaltalið 5 og staðalfrávik 2. Tölurnar í skýrslunni eru settar fram þannig að niðurstöður fyrir Egilsstaðaskóla koma fyrst og landsmeðaltal á eftir (EGS/ landið). Munur upp á 1,0 stig telst talsverður munur. Einnig er mælt í prósentum. Í fimm ára matsáætlun skólans er tiltekið hvaða atriði og þættir eru kannaðir á hverjum vetri. Sumir þættir eru kannaðir á hverju ári en aðrir sjaldnar (fylgiskjal 1).

Könnun	Þátttakendur	Lagt fyrir	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi svarenda	Svarhlutfall
Skólapúlsinn	Nemendur 1.-5. b	Maí 2021	205	196	95,6%
Skólapúlsinn	Nemendur 6.-10.b	4x ¼	177	171	96,6%
Skólapúlsinn	Starfsmenn	Mars	80	75	93,8%
Skólapúlsinn	Foreldrar	Febrúar	123	100	81,3%
Olweus	5. -10.b	Desember	252	238	94,4%

Olweusarkönnunin er lögð fyrir einu sinni á hverjum vetri. Sérstakt teymi heldur utan um Olweusarverkefnið og hefur umsjón með fræðslu til starfsmanna, forvarnarstarf gegn einelti, undirbúning Vinadags o.fl.

Tólf nemendur merkja við að þeir verði fyrir einelti í skólanum allt frá því að vera tvisvar til þrisvar í mánuði og upp í það að vera oft í viku. Eineltið fer fram bæði innan og utan skóla m.a. í gegnum síma. Algengast er að eineltið fari fram á skólalóðinni. Sautján nemendur merkja við að þeir hafi tekið þátt í að leggja aðra nemendur einstaka sinnum í einelti og einn merki við að hann hafi gert það 2svar til 3svar í mánuði. Fimmtán nemendur merkja við að þeir óttist að vera lagðir í einelti af samnemendum.

3) Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum undanfarna mánuði?

	2020 haust					
	Stúlkur		Piltar		Piltar og stúlkur	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
hef ekki orðið fyrir einelti	95	80.5	85	71.4	180	75.9
bara mjög sjaldan	18	15.3	27	22.7	45	19.0
tvisvar eða þrisvar í mánuði	2	1.7	1	0.8	3	1.3
svona einu sinni í viku	3	2.5	4	3.4	7	3.0
oft í viku	0	0.0	2	1.7	2	0.8
Heild	118		119		237	


Úr Olweusarkönnun Egilsstaðaskóla haustið 2020

Einelti í skólanum mælist minna en áður og má leiða líkur að því að meiri stýring nemenda vegna takmarkana í skólastarfi geti haft áhrif á það.

Skólapúlsinn 1.- 5. bekkur

Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur í 1.- 5.bekk einu sinni á skólaárinu. Nemendur taka könnunina í ípad og svara 13 spurningum sem sem felast í að merkt er við tákni. Þættir sem eru kannaðir eru ánægja af lestri, ánægja með skólann og vellíðan í skólanum.


Ánægja með skólann er aðeins undir landsmeðaltali en mælist sú sama og á síðasta ári.




Að baki þessum lið liggja 4 spurningar þar sem nemendur svara því m.a. hvort þeim finnst þeir hafa gaman að mörgu í

skólanum og hvort þeim finnst þeir hafa margt að hlakka til. Best er útkoman í 3.bekk sem er óbreytt frá fyrra ári og mælist sú sama og landsmeðaltal en mesta breytingin frá fyrra ári er í 2.bekk sem fer úr 5,3 í 4,6 (landsmeðaltal 5,3).

Nemendur í 3.bekk hafa mesta ánægju af lestri (5,0/5,0) en ánægja af lestri mælist minnst í 5.bekk. Tæp 80% nemendanna segja það frekar eða mjög skemmtilegt að lesa sér til gamans heima og litlu færri finnst frekar eða mjög skemmtilegt að lesa í skólanum.




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal nemenda í skólanum, samanborið við kynjamun á landinu í heild.



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Niðurstöðum lesfímiprófa, sem eru stöðluð próf frá Menntamálastofnun sem lögð eru fyrir alla nemendur þrisvar á ári, sést að nemendur í 3.bekk standa vel í lestri og það hefur væntanlega áhrif á afstöðu þeirra til lestrar. Munur á afstöðu stráka og stelpna er ekki verulegur.

Þriðja atriði sem er mælt í 1.- 5. bekk er vellíðan í skólanum og eins og undanfarin ár líður börnum í Egilsstaðaskóla almennt vel.



Áttatíu prósent barnanna telja sig vera hamingjusöm í skólanum og það er ákaflega jákvætt. Þessar niðurstöður eru nánast þær

sömu og síðasta skólaár.

Í heildina eru niðurstöður Skólapúlsins í 1.- 5.bekk nokkuð jákvæðar hvað varðar líðan en þó er umhugsunarefni að nemendum í 1. og 2. bekk líður síður vel í skólanum. Það er sömuleiðis umhugsunarefni hvers vegna ánægja þeirra af lestri er ekki meiri.

Skólapúlsinn 6. – 10. bekkur

Í þessum árgöngum eru kannaðir eftirfarandi þættir: Virkni nemenda, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi.

Niðurstöður könnunarinnar fyrir þetta skólaár eru ekki mjög frábrugðnar fyrri árum en þó má sjá breytingu á nokkrum þáttum. Allir vísar í liðnum „Líðan og heilsa“ eru jákvæðir og nokkuð yfir landsmeðaltali.

2. Líðan og heilsa


Matsþættir ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,9	167	-0,1	4,2	17.536	0,7*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,6	165	-0,2	4,3	17.494	0,3*
2.3. Velliðan	4,9	165	0,1	4,4	17.714	0,5*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	32	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,0	165	-0,1	5,6	17.685	-0,6*
2.6. Tíðni eineltis	9,7%	16/165	-3,1%	13,6%	2468/17631	-3,9%
2.7. Staðir eineltis	-	15	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	50,6%	81/160	11,0%	43,7%	7567/17263	6,9%*
2.9. Hollt mataræði	5,0	165	0,1	4,6	17.412	0,4*

Vísar sem segja til um einelti eru undir landsmeðaltali, bæði liður 2.5. og 2.6. Það er er í samræmi við niðurstöður Olweusarkönnunar, sem farið var yfir hér að ofan.

Tíðni hreyfingar hefur aukist og og nokkuð yfir landsmeðaltali. Fjöldi nemenda sem hreyfa sig tvisvar í viku eða oftar eykst. Fleiri nemendur en áður segjast ekki drekka gos og neysla skyndibita er minni en hjá samanburðarhópum. Nemendur gætu þó verið duglegri að borða ávexti og grænmeti.

Þættir sem varða skóla- og bekkjaranda koma yfirleitt vel út og eru flestir yfir landsmeðaltali. Yfir heildina er samband nemenda við kennara gott og nemendur samsama sig nemendahópnum.

3.1. Samsömun við nemendahópinn – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Spurningar undir þessum lið eru t.d. hvort nemendum telji sig tilheyra hópnum og hvort þeir telji að öðrum líki vel við sig. Um 85% nemenda segja að í skólanum sé allt í besta lagi. Þegar litið er til þess hve skólahald síðasta ár hefur að mörgu leyti verið frábrugðið þá eru þetta góðar niðurstöður og benda til að vel hafi tekist til að halda utan um nemendahópinn þrátt

fyrir ýmsar breytingar á skipulagi og aðstæðum í skólanum.


Ánægja nemenda af lestri er aðeins minni en fyrra ár og sömuleiðis ánægja af náttúrufræði. Áhugi nemenda af stærðfræði er minni en hjá samanburðarhópum yfir landið. Þetta á bæði við um stráka og stelpur.

1.3. Áhugi á stærðfræði – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

1.3. Áhugi á stærðfræði – Kyn



Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunahópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.



Þetta er áhyggjuefni og hafa stærðfræðikennarar rætt þessi mál. Breytt vinnulag á unglingastigi hefur verið í þróun og vinna nemenda eftir vikuáætlunum hefur gefið góða raun. Reynt er að koma til móts við nemendur varðandi námsefni en betur þarf að huga að þessum námsþætti og greina nánar hvað veldur því að nemendur virðast ekki hafa ánægju af því að læra stærðfræði.

Mikilvægt er að nemendur séu sjálfir meðvitaðir um að það skiptir máli að vinna jafnt og þétt og leggja sig fram. Því er það umhugsunarefni að þriðjungur nemenda segist stundum eða aldrei halda áfram þó að efnið sé erfitt. Þrautseigja er nauðsynleg þegar námsefni þyngist og kröfur aukast í náminu. Því þarf að vinna sérstaklega með það eins og hefur verið gert í velferðarkennslu í skólanum í vetur. Þar hefur

verið unnið að því að efla vitund nemenda um eigin velferð og hugarfar. Nemendur læra að greina styrkleika sína og annarra og


hvernig áhrif hugarfars nýtist þeim. Kennslan byggir á hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði sem beinist að því að efla bjartsýni og trú á eigin getu.

Í þessum samhengi hafa nemendur unnið með hugtökin gróskuhugarfar (growth mindset) og festuhugarfar (fixed mindset) á ýmsan hátt. Velferðarkennslan verður áfram hluti af námi allra árganga enda hefur þótt takast vel til með að kynna nemendur fyrir þessari hugmyndafræði.



Fleiri nemendum finnst agi í skólanum hæfilegur

og á það bæði við um stráka og stelpur. Þessi mælikvarði kemur betur út á þessu skólaári en árinu áður og enn má velta fyrir sér hvort meiri stýring í skólastarfinu og fastari rammar vegna





sóttvarnaraðgerða hafi eitthvað haft að segja. Í heildina líður nemendum í Egilsstaðaskóla vel og þeir hafa meiri trú á eigin getu og mikilvægi en samanburðarhópar á

landinu. Mikil áhersla er á það í skólanum að efla samkennd nemenda og bæta bekkjaranda. Reglulegir bekkjarsundir eru í öllum árgöngum, vinabekkir hittast yfir skólaárið, KVAN- verkefnið (verkfærakista sem kynnt var á námskeiði með Vöndu Sigurgeirsdóttur) er nýtt í vinnu með bekkjaranda og leiðtogaferni, Vinaliðaverkefnið er í gangi í frímínútum á miðstigi, þroskaþjálfar og sérkennarar kenna ákveðnum hópum félagsferni, tengslakannanir eru lagðar reglulega fyrir og mikil gæsla er í frímínútum. Þetta eru allt aðgerðir í þágu þess að skólaumhverfi sé vinsamlegt og öruggt fyrir alla nemendur í skólanum. Velferð nemenda er höfð að leiðarljósi í allri vinnu í skólanum.

Skólalífsinn – Foreldrar og forráðamenn

Í apríl var send út könnun til úrtaks foreldra og forráðamanna nemenda í Egilsstaðaskóla. Þar var spurt um þætti sem varða nám og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf og heimastuðning. Auk þess var spurt út í ánægju með Covid viðbrögð skólans. Nokkrar breytingar er í svörum foreldra frá fyrra ári. Foreldrar og forráðamenn álíta sem áður að agi sé ekki nægilegur í skólanum en þó telja færri en áður að svo sé. Stýring og rammar í skólastarfinu hafa vissulega verið meiri síðasta skólaár vegna heimsfaraldurs og sóttvarnaraðgerða og má velta því fyrir sér hvort það hafi haft einhver áhrif þennan þátt.



Foreldrar eru almennt sáttir við þyngd námsefnis í skólanum. Foreldrar stelpna eru þó ánægðri en foreldrar stráka (stelpur: 89,8%/83,8% - strákar: 81,6%/83,4%).


Vísar sem varða velferð nemenda eru allir jákvæðir og nokkrir þeirra mælast mun hærri en árið á undan. Umfang eineltis er talsvert minna en á landsvísi að mati foreldra og ánægja er með úrvinnslu skólans á eineltismálum og hraða á úrvinnslu slíkra mála.



Úr ljósmyndamaraðoni 8. og 9. bekkjar á vordögum 2021. Hér er orðið grimmd myndgert. Myndin var valin besta myndin í ljósmyndamaraðoninu.

2. Velferð nemenda


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,8	89	-0,3	4,7	5.699	0,1
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	89,2%	83/93	-2,0%	87,4%	5253/5955	1,8%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	92,9%	92/99	1,4%	91,9%	5818/6327	1,0%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	96,0%	95/99	8,6%	91,8%	5772/6283	4,2%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	94,8%	92/97	6,5%	91,2%	5675/6235	3,6%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	7,1%	7/99	1,8%	9,0%	562/6254	-1,9%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	72,7%	8/11	26,6%	54,9%	533/958	17,8%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	66,7%	8/12	3,0%	54,5%	516/941	12,2%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	79,4%	50/63	-4,7%	76,8%	2736/3492	2,6%
2.10. Meðaltímabil eineltis	0,7	15	-0,6	1,4	1.056	-0,7*
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	15	-	-	-	-



Vísar númer 2.4 og 2.5 eru mjög jákvæðir en þar er spurt um líðan nemenda í kennslustundum og í frímínútum. Þetta er í samræmi við nemendakönnun þar sem nemendur segja almennt að sér líði vel í skólanum og einelti mælist minna en í samanburðarskólum. Á síðasta ári var skólinn undir landsmeðaltali en hefur nú hækkað.

Fleiri foreldrar en áður aðstoða nemendur við heimanám (nokkuð jafnt hvort er um að ræða stelpur eða stráka) og flestir verja 15 – 30 mínútum til þess (alls 82%). Ekki er ólíklegt að takmarkanir á skólastarfi hafi haft þarna eitthvað að segja enda komu tímabil á síðasta skólaári þar sem skólastarf var skert og nemendur unnu að einhverju leyti heima.

Foreldrar eru ánægðari með aðstöðu í skólanum en í samanburðarskólum (6,2/5,5) en hins vegar vegar eru færri foreldrar en áður ánægðir með frístundapjónstu sem veitt er af skólanum eða sveitarfélaginu eftir kennslutíma. Af hálfu skólans er þá aðeins um að ræða Frístund sem er lengd viðvera og er rekin í skólum. Annað frístundastarf og félagsmiðstöð er alfarið á vegum sveitarfélagsins eða annarra aðila.




Notkun á mótuneyti er mikil í Egilsstaðaskóla og eru 96% barna þeirra sem svara í mótuneyti í hádeginu. Ánægja með mótuneytið hefur aukist frá fyrra ári og

er talsvert yfir landsmeðaltali (83,7% / 73,3%). Ekki er teljandi munur á milli aldursstiga.

Ánægja með heimasíðu skólans er meiri nú en fyrra ár og fleiri foreldrar álíta að þeir séu upplýstir um stefnu skólans og námskrá. Fleiri foreldrar svara því játandi að leitað sé eftir tillögum frá þeim og tillögur teknar til greina. Hins vegar telja færri en áður að þeir hafi áhrif á ákvarðanir sem teknar eru varðandi nemendur. Þessi vísir er nú á landsmeðaltali.

Það vekur athygli að þeim foreldrum og forráðamönnum sem hafa væntingar um að börn þeirra fari í háskólanám hefur fækkað mikið og eru aðeins 58,9% þeirra sem svara. Það eru frekar foreldrar stelpna sem hafa væntingar um að þær fari í háskólanám





En hins vegar fjölga þeim sem hafa væntingar um að börn þeirra fari í iðnnám, úr 9,9% svarenda árið 2020 í 23,3%. Foreldrar stráka hafa frekar þessar væntingar en foreldrar stelpna. Tæp 60% svarenda hafa væntingar til að börn þeirra ljúki grunn- eða framhaldsnámi í háskóla og 23,3% að þau ljúki iðnnámi. Í vetur hefur, sem og áður, verið lögð nokkur áhersla á að ræða við nemendur um þau tækifæri sem bíða þeirra varðandi nám og kynningar hafa verið á námi bæði í ME og VA. Allir nemendur í 10.bekk taka áhugasviðspróf þannig að þau átti sig betur á áhugasviði hvers og eins. Mikilvægt er að upplýsa nemendur vel um mismunandi námsleiðir þannig að þau hafi frekar eitthvað að stefna á eftir grunnskóla. Námsráðgjafi sinnir þessu atriði innan skólans en í vetur var einnig í fyrsta sinn í boði markþjálfun í vali hjá elstu nemendum.

Skólapúlsinn – starfsfólk

Egilsstaðaskóli er sístækkandi vinnustaður. Í kringum 470 manns á aldrinum 5 – 68 ára starfa þar saman á starfstíma skólans. Fjöldi kennara er svipaður milli ára en stuðningsfulltrúum hefur fjölgað þar sem fleiri börn þurfa einstaklingsþjónustu. Skólapúlsinn var lagður fyrir starfsfólk í apríl. Spurt var um þætti sem varðaði starf og starfsmenn, vinnustaðinn, stjórnun og svo voru kennarar spurðir sérstaklega um ákveðna þætti sem varða kennarastarfið. Niðurstöður könnunarinnar kölluðu á frekari greiningu á afstöðu starfsfólks og því var hluti starfsdags í apríl nýttur til hópavinnu þar sem kallað var eftir upplýsingum og afstöðu starfsfólks til ákveðinna þátta í könnuninni.

Það sem unnið var áfram með voru þættir sem vörðuðu skýrleika hlutverks, stjórnun (m.a. stuðning frá næsta yfirmanni og ræktun mannauðs), starfsanda, stuðning frá samstarfsfólki, mismunun, stuðning í agamálum og faglegan stuðning. Sérstaklega er fjallað um niðurstöður úr hópavinnu starfsfólks síðar í skýrslunni.

Starfsfólk er að jafnaði ánægt með starfsaðstöðu og meirihluti starfsfólk upplifir starfsandann í vinnuumhverfinu hvetjandi og styðjandi. Greina má breytingar í kennsluháttum á þá vegu að nemendum er í mun minni mæli kennt öllum í einu og kennsla verður sífellt einstaklingsmiðaðri. Kennarar leggja mun minni áherslu á námsmat með prófum og aukin áhersla er á fjölbreytt námsmat. Tæp 80% kennara undirbúa kennslu aðallega eða eingöngu í skólanum. Um 95% kennara telur sig frekar sáttan eða mjög sáttan við starfs sitt sem kennara en nokkuð stór hluti svarenda (rúmlega 60%) telur sig hafa haft meiri eldmód þegar þeir byrjuðu að kenna samanborið við það sem nú er. Kennarar í Egilsstaðaskóla hafa varið umtalsvert minni tíma til endurmenntunar en samanburðarhópar en 72% þeirra hefðu viljað meiri símenntun á síðustu 12 mánuðum. Þær breytingar sem hafa orðið síðastliðið ár varðandi útsendingar viðburða á netinu og/eða aðgang að margskonar fræðsluefni á netinu er þó ósambærilegt við það sem verið hefur og starfsmenn hafa í mjög auknum mæli nýtt sér þessi tækifæri. Það er því von til að hlutfall þeirra sem geta sótt sér endurmenntun á margvíslegu formi hækki á næstu árum. Í könnuninni kemur fram að trú kennara á eigin getu minnkar frá fyrra ári (-0,6). Kennarar hafa kallað eftir auknum stuðningi og úrræðum vegna nemenda með náms- og hegðunarörðugleika. Sérlega skortir stuðning og úrræði vegna



nemenda með hegðunarörðugleika og það speglast væntanlega í svörum nemenda um aga í skólanum.

Ástand vegna heimsfaraldurs síðastliðið ár hefur ekki bætt stöðuna þar sem mikið álag á heilbrigðiskerfi og félagsþjónustu var mikið og þær bjargir sem stóðu til boða til að vinna með nemendum sem bæði áttu við náms- og hegðunarerfiðleika að stríða voru af skörnum skammti. Faglegur stuðningur skólastjórnenda við kennara þykir ekki nægilegur og það kom einnig fram í opnum svörum sem voru á fimmta tug. Þó að þar komi fram mikil ánægja með margt í skólanum kemur fram að starfsfólki finnst vanta fleiri leiðir til að taka á hegðunar- og agamálum og auk þurfi fjölbreytni í námstilboðum fyrir nemendum sem þrífast ekki í náminu.

Greinilegt er á niðurstöðum könnunarinnar að starfsfólki þykir skorta á að hlúð sé að starfsfólki og þriðjungur starfsfólk segir að stundum eða fremur sjaldan sé hugsað vel um starfsfólk á vinnustaðnum. Vissulega hefur reynt mikið á þolinmæði og sveigjanleika starfsfólks í öllum þeim breytingum sem gera þurfti vegna samkomutakmarkana og ástæða til að ræða það með hvað


hætti væri hægt að styrkja stjórnendur í að koma til móts við starfsfólk. Fleiri starfsmönnum þykir forystu valdeflandi nú en síðasta ár og um 60% telja sig frá hvatningu næsta yfirmanns til að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum.

Í hópvinnu á starfsdegi var öllum starfsmönnum blandað í hópa sem unnu svo í hringekju á ákveðnum svæðum þar sem ákveðnar spurningar úr könnuninni voru lagðar til grundvallar og kallað eftir skoðunum og tillögum starfsfólksins. Meðal þess sem fjallað var um var skýrleiki hlutverks og starfsfólk spurt hvort væntingar og markmið starfa væru skýr og hvort þeir vissu hvað féllu undir þeirra ábyrgð. Í svörum kemur fram að stuðningsfulltrúar eru oft óvissir með hlutverk sitt og sömuleiðis þarf að skýra betur verkaskiptingu kennara, sérkennara og stuðningsfulltrúa. Síðasta haust var fjallað um þessi skil og gerð tilraun til að skýra hlutverk en það þarf að halda þeirri vinnu áfram. Sömuleiðis kom fram mikilvægi þess að nýir starfsmenn fái góða tilsögn í byrjun og sé svo fylgt eftir til að þeir komist vel inn í starfið. Nokkur mannaskipti hafa verið í hópi stuðningsfulltrúa og því enn meiri nauðsyn að fylgja þeim vel eftir í byrjun og að allir átti sig á hlutverki hvers og eins. Almenn ánægja er með teymisvinnu sem er í skólanum en áhersla á að ætla þarf tíma fyrir teymi til að stilla saman strengi og vinna saman. Kallað var eftir fleiri samráðsfundum árganga og stiga. Nokkuð var kallað eftir greiðara aðgengi að stjórnendum en þeir eru afar uppteknir og komu fram tillögur hvernig hægt væri að tryggja að amk. einn stjórnandi væri ávallt aðgengilegur þegar leita þyrfti til þeirra.

Starfsfólk var spurt hvort því þætti það fá stuðning og aðstoð frá næsta yfirmanni og hvort það fyndi að störf þess væru metin að verðleikum. Innlegg sem fékk mikinn stuðning var á þessa leið:



„Starfsfólkið er að vinna frábært starf með nemendum með sértæk vandamál en oft ætti að leysa þessi mál með sérfræðiaðstoð utan skóla. Stjórnendur eru allir að vilja gerðir að aðstoða en stundum er það ekki nóg“.



Í hópvinnumni var áberandi að starfsfólk telur að vinnustaðurinn sé góður en ýmislegt mætti bæta varðandi það hvernig stjórnendur sinna starfsfólki og að starfsfólk telur sig þurfa meiri stuðning í erfiðum málum, bæði faglegan og andlegan stuðning innan skóla og faglegan stuðning utan skóla.

Í haust verður lögð fram úrbótaáætlun út frá niðurstöðum og tillögum sem komu fram á starfsdegi. Mikilvægt er að allir starfsmenn skynji að þeir skipti máli á vinnustaðnum og að á þá sé hlustað. Sveitarfélagið þarf líka að huga að því hvernig er hægt að styðja við stjórnendur á þessum langstærsta vinnustað sveitarfélagsins.

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa

Samræmd könnunarpróf eru lögð rafrænt fyrir í þremur árgöngum, 4., 7. og 9. bekk. Prófin í 4. og 7. bekk eru í september en í 9. bekk eru þau lögð fyrir í mars. Niðurstöður prófanna eru leiðbeinandi fyrir nemendur, foreldra og kennara.

Þegar prófin voru lögð fyrir 9. bekk virkaði prófakerfið ekki sem skyldi. Fjöldi nemenda datt úr úr kerfinu og gat ekki lokið við prófið. Nemendum var í framhaldinu boðið að velja hvort þeir vildu taka prófin og sömuleiðis hvaða próf þeir tóku. Um 70% nemenda í árganginum valdi að taka próf í íslensku aftur og svipað hlutfall nemenda tók einnig próf í stærðfræði og ensku. Prófin voru lögð fyrir á pappír og fyrirlögnin gekk vel í annað sinn. Hér eru sýndar niðurstöður prófanna í 9. bekk út frá hæfnieinkunn og einnig í samanburði við aðra nemendur á landinu. Hæfnieinkunnirnar A, B+, B, C+, C og D eru reiknaðar út frá því hvernig normalkúrfan leggst í hverju fagi.

	Íslenska (33)		Stærðfræði (29)		Enska (28)	
	Landið %	Skóli %	Landið %	Skóli %	Landið %	Skóli %
A	8,9%	0,0%	12,4%	0,0%	6,2%	7,1%
B+	11,6%	3,0%	19,6%	6,9%	15,8%	0,0%
B	33,6%	42,4%	39,1%	51,7%	45,2%	50,0%
C+	12,9%	15,2%	8,6%	13,8%	3,1%	7,1%
C	29,4%	27,3%	18,5%	24,1%	24,7%	32,1%
D	3,5%	12,1%	1,9%	3,5%	4,9%	3,6%

Niðurstöður prófanna í 7. bekk voru eftirfarandi út frá raðeinkunnum. Ánægjulegt er að sjá árangur nemenda í íslensku en rúmur þriðjungur þeirra er í efsta bili raðeinkunnar og yfir landsmeðaltali þeirra sem fengu A og B+ á íslenskuprófinu.

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Hlutfall		Hlutfall		Hlutfall	
Íslenska	Heild	35	14,3%		51,4%		34,3%	
	Lestur	35	11,4%		60,0%		28,6%	
Stærðfræði	Heild	35	20,0%		51,4%		28,6%	
	Reikningur og aðgerðir	35	17,1%		60,0%		22,9%	

Útkoman prófanna í 4. bekk var einnig sérstaklega góð í íslensku; Fjörutíu prósent nemenda í árganginum fékk einkunnina A eða B+ í íslensku. Heldur er á brattann að sækja í stærðfræði en þar voru um 37% með einkunnina C.

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Hlutfall		Hlutfall		Hlutfall	
Íslenska	Heild	35	14,3%		45,7%		40,0%	
	Lestur	35	14,3%		37,1%		48,6%	
Stærðfræði	Heild	35	28,6%		62,9%		8,6%	
	Reikningur og aðgerðir	35	31,4%		57,1%		11,4%	

Lestur

Egilsstaðaskóli vinnur eftir samþykktri lestrarstefnu (2018) og í inngangi hennar segir:

Lestur er lykillinn að öllu námi og því þarf lestrarkennsla eða lestrarþjálfun á öllum stigum skólans að vera með fjölbreyttu sniði. Á öllum stigum þarf lestrarþjálfunin að vera áhugaverð og áhugahvetjandi fyrir nemendur. Lestrarkennsla þarf að fylgja nemendum upp allt skólastigið og gefa þarf nemendum svigrúm og tækifæri til lesturs.


Á yngsta stigi er kennt samkvæmt aðferðum *Byrjendalæsis*. Meginmarkmið aðferðarinnar er að góður árangur náist í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Gengið er út frá því að börn þurfi að fá lesefni sem kveiki áhuga þeirra og því er margskonar textar lagðir til grundvallar lestrarkennslunni. Í öllum árgöngum er ætlaður tími daglega fyrir yndislestur. Á hverjum vetri eru lagðar fyrir skimanir og próf sem mæla bæði lesskilning og lestrarhraða.



Skimanir / próf	Árgangar	Tímasetningar
Menntamálastofnun/lesferill	1.– 10. bekkur	September, janúar, maí
Skólaskrifstofa Austurlands/Logos	3., 6. og 9. bekkur	Janúar / október/ september
Orðarún (SKAUST)	5. og 8. bekkur	Nóvember
Orðarún (umsjónarkennarar)	3.-10. bekkur	Október/apríl
Samræmd könnunarpróf	4., 7. og 9. bekkur	Október/ september/mars

Í 8. og 9. bekk er unnið með námsefnið *Lestu nú* en þar er bæði unnið með að þjálfra lesskilning og leshraða. Á miðstigi hefur verið stuðst við kennsluaðferðina *Pals* en það er samvinnulestur. Bókasafn skólans hefur verið eft og mikið lagt upp úr því að kaupa bækur sem höfða til nemenda. Útlán hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Egilsstaðaskóli, maí 2021



Í niðurstöðum lesfimiprófa sést að meirihluti árganga í Egilsstaðaskóla er yfir landsmeðaltali í mælingu lesinna orða.

Umbótaaðgerðir / þróunarstarf

Vegna heimsfaraldurs Covid 19 var vinna í þróunarhópum með öðrum hætti en venja er. Sumum verkefnið var hægt halda en öðrum ekki. Þannig var nýsköpunardegi aflýst en kennarar sátu fjarnámskeið um nýsköpunarkennslu og unnið var með umhverfishópi að því að undirbúa skólann fyrir að verða Grænfánaskóli.

Hópur	Markmið	Verkefni	Tillögur að úrbótum
Olweusarverkefni	Stuðla að jákvæðum, heilbrigðum og góðum samskiptum inna veggja skólans. Að undirbúa vinadaginn. Halda starfsfólki upplýstu um eineltisferil Egilsstaðaskóla	Halda utan um Olweusarfundir starfsfólks. Undirbúa Vinadaginn.	
Nýsköpun	Markmið hópsins – halda utan um Nýsköpunarstarf, hvetja kennara og halda þeim upplýstum, m.a. varðandi Nýsköpunardaginn og nýsköpunarkeppnir	Námskeið fyrir kennara frá Nýsköpunarmiðstöð.	
Sjálfbærni/grænfáni	Að efla umræðu og virkni tengda sjálfbærni í skólastarfinu Að undirbúa skólann í að taka þátt í umhverfisverkefni Landverndar, grænfánann og sækja formlega um verkefnið	Umhverfisnefnd með fulltrúum úr 5. – 10. bekk hittist og vann að undirbúningi.	
Mat á skólastarfi	Vinna innra mat á skólastarfi og móta áætlun þar um til 5 ára.	Umsjón með gagnasöfnun um innra mat. Gera úrbótaáætlun. Skrifa matsskýrslu. Kynna niðurstöður innra mats fyrir foreldrum, nemendum og starfsmönnum.	
Jafnréttisnefnd	Vinna að því að allir í skólanum, nemendur og starfsmenn, njóti jafns réttar án tillits til kyns.	Fylgja eftir endurskoðun á jafnréttisáætlun skólans. Meta stöðuna út frá markmiðum jafnréttisáætlunar. Sjá um hugmyndabanka um jafnréttiskennslu.	
Rafrænir kennsluhættir	Efla rafræna kennsluhætti í Egilsstaðaskóla. Móta stefnu varðandi rafræna kennsluhætti.	Vinna að stefnumótun fyrir rafræna kennsluhætti. Kynna sér rafræna kennsluhætti annarsstaðar.	
Heilsueflandi hópur	Styðja við heilsueflandi skóla og huga að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu starfsmanna.		Ýmsar hugmyndir um Lögð verður fyrir könnun um mótuneyti haustið 2021.
Skóli án aðgreiningar	Að vinna að þróun starfshátta í Egilsstaðaskóla í átt að skóla án aðgreiningar	Að rýna í núverandi starfshætti með gleraugum skóla án aðgreiningar. Að kynna hugmyndir að fyrirkomulagi sem nýst getur. Að vinna að stefnumótun skólans í þessum málaflokki í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur.	Auka fræðslu um skóla án aðgreiningar

Ytri tengsl

Það er margskonar samstarf sem Egilsstaðaskóli er í við aðila utan skólans. Lagt er upp með að góð tengsl séu við sem flesta svo nýta megi aðstöðu og tækifæri sem bjóðast í nærsamfélaginu. Þetta getur bæði nýst nemendahópum og einstaklingum en ekki síður starfsmönnum skólans.

Í meðfylgjandi töflu er reynt að gefa innsýn í það samstarf sem skólinn á við ýmsa aðila utan skólans.

Aðilar	Tengsl	Verkefni
Félagsmiðstöðin Nýung	Starfsmenn koma í skólann og ræða við nemendur.	Ýmis fræðsla, skemmtanir.
Tónlistarskóli Fljótsdalshéraðs	Aðkoma að árshátíðum skólans og viðburðum yfir skólaárið.	Kennarar og nemendur tónlistarskólans taka þátt í árshátíðum skólans með þjálfun og undirspili. Auk þess spila nemendur við ýmis önnur tækifæri.
Forvarnarfulltrúi	Kemur í skólann, m.a. með fræðslu, námskeið.	Heldur utan um starf Ungmennaráðs (fulltrúar Egilsstaðaskóla þar inni).
ALL-teymið	Reglulegir vinnu- og fundadagar í skólanum samkvæmt skipulagi. Tengill á dagatal ALL	Funda og vinna með starfsfólki og foreldrum vegna einstakra nemenda
Skólaskrifstofa Austurlands	Sálfræðingur og kennsluráðgjafi koma í skólann vegna málefna einstakra nemenda og skimana.	Kennsluráðgjafi leggur fyrir skimanir, bæði fyrir árganga og einstaka nemendur. Sálfræðingur leggur fyrir matslista og vinnur að málefnum nemenda.
HSA	Skólahjúkrunarfræðingar hafa viðveru í skólanum.	Tveir skólahjúkrunarfræðingar hafa haft fasta viðveru í skólanum. Nemendum er vísað til þeirra í samtöl en einnig eru föst verkefni í árgöngum, s.s. fræðsla um sjálfsmynd, bólusetningar, mælingar o.fl. Vegna Covid 19 var viðvera skólahjúkrunarfræðinga skert þar sem miklar annir voru á heilsugæslunni.
Fyrirtæki í sveitarfélaginu	Samstarf við vegna námskeiða eða einstaklingsbundins starfsnáms.	Nemendur á unglingastigi geta verið í starfsnámi að hluta. MSV lagði til aðstöðu fyrir valnámskeið í rafsúðu.
Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs	Tekið á móti nemendum vegna ákveðinna verkefna.	Nemendur sækja sýningar í MMF og geta nýtt sér aðstöðu þar.
Minjasafn Austurlands	Nemendum boðið í safnið.	Safnakennsla á vegum MA. Samstarf í tengslum við Barnamenningarhátíð.
Leikskólinn Tjarnarskógur	Unnið samkvæmt samstarfsáætlun skólanna. https://www.egilsstadaskoli.is/static/files/hag_nytt/samstarf-vid-leikskolann-2014-15.pdf	Skólaheimsóknir 2 – 3 sinnum til að undirbúa verðandi nemendur.
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Nemendur Egilsstaðaskóla geta tekið fyrstu áfanga í grunngreinum.	Nemendur sem eru mjög vel stödd í námi hafa tekið grunnáfanga í kjarnagreinum í ME.
Vatnajökulspjóðgarður	Fræðsla fyrir nemendur	Starfsmenn þjóðgarðsins taka á móti nemendum í 8. bekk við Snæfell á Göngudegi. Gönguferð í kjölfarið. Að vori fer 5. bekkur í heimsókn í Snæfellsstofu.
Dansskóli Austurlands	Kennsla í nútíma- og samkvæmisdansi.	Kennarar frá dansskólanum kenndu hópum á tveimur val tímabilum.

Árangur nemenda á ýmsum vettvangi

Nemendur Egilsstaðaskóla tóku þátt í ýmsum verkefnum utan skólans eins og hefð er fyrir. Vegna heimsfaraldursins voru sumir viðburðir með öðru sniði en áður og sumir féllu alveg niður. Þannig féll Lego League keppnin niður og Nýsköpunarkeppni grunnskóla fór ekki fram með hefðbundnu sniði. Nemendur á miðstigi sendu hins vegar inn tillögur og hlaut hugmynd þeirra Emmu Ástrósar Stefánsdóttur og Kristínar Indíönu Káradóttur í 5.bekk að hárburstaspreyi viðurkenningu. Nokkrir nemendur á unglingastigi tóku þátt í stærðfræðikeppni Pangeu sem haldin er í yfir 20 löndum í Evrópu. Magnús Gunnar Sigurhansson komst í úrslit og undir venjulegum kringumstæðum hefði honum staðið til boða að fara til Reykjavíkur og taka þátt í úrslitakeppninni en leysti verkefnið þess í stað á bókasafni skólans. Stóra upplestrarkeppnin var haldin og fór lokahátíð norðursvæðis Austurlands fram í mars. Fimm nemendur úr Egilsstaðaskóla tóku þátt í lokahátíðinni og Harpa Sif Þórhallsdóttir hafnaði í 2.sæti. Lið skólans í Skólahreysti tók þátt í undankeppni á Akureyri í maí. Keppnin fór fram án áhorfenda og náði liðið ágætum árangri.

Styrkleikar og veikleikar


Gagnaöflun um starf Egilsstaðaskóla fer fram á margvíslegum vettvangi. Gögn eru greind og þau nýtt til að gera tillögur að úrbótum í skólastarfinu. Hér fyrir neðan eru talin upp nokkur atriði sem teljast annars vegar styrkleikar og hins vegar veikleikar í skólastarfinu.

Styrkleikar skólastarfsins	Veikleikar skólastarfsins
Um 90% nemenda í 1.-5.bekk finnst vel hugsað um sig í skólanum og finnst þau vera örugg.	Ánægja af lestri í 1.- 5.bekk er minni en yfir landið.
Nemendur í 6.-10.bekk hafa meira sjálfsálit en jafnaldrar þeirra og líðan mælist betri en í samanburðarhópi.	Áhugi nemenda á stærðfræði er minni en almennt mælist á landsvísi í 6.-10.bekk.
Nemendur í 6.-10.bekk hreyfa sig umtalsvert oftar en jafnaldrar.	Foreldrar /forráðamenn telja enn sem fyrr að agi í skólanum sé ekki nægilegur.
Tíðni eineltis er mun minni en á landsvísi.	Ábyrgð og hlutverk innan starfsmannahópsins er ekki alltaf nægilega skýrt.
Foreldrar/forráðamenn eru almennt ánægðir með úrvinnslu á eineltismálum og hraða á úrvinnslu mála.	Kennurum finnst skorta stuðning vegna nemenda með náms- og hegðunarerfiðleika.
Foreldrar/forráðamenn eru almennt ánægðir með hvernig þörfum nemenda er mætt og álíta líðan barna sinna góða, bæði í kennslustundum og frímínútum.	Kennarar hafa nýtt mun færri daga til símenntunar en samanburðarhópar yfir landið.

Kennsla er í mjög auknum mæli einstaklingsmiðuð og áhersla er á fjölbreytt námsmat (annað en próf).	Starfsfólki finnst að rækta mætti mannauð betur og stuðningur frá næsta yfirmanni sé ekki nægilegur.
---	--

Samantekt

Skólastarfið á liðnum vetri var markað af áhrifum heimsfaraldurs af völdum Covid-19. Þó reynt væri að halda sem eðlilegustu starfi varð ýmislegt að láta undan s.s. árshátíðir nemenda, félagsstarf og hluti vettvangsferða. Hvort þetta hefur haft áhrif á liðan nemenda er ekki gott að segja. Þó má fullyrða að stífari rammar henta mörgum vel og því hafi það áhrif til hins betra á nemendahópinn í heild. Foreldrar/forráðamenn hafa haft mjög litla möguleika á að koma inn í skólann vegna takmarkana og viðburðir, sem þeir hafa annars tekið þátt í, ekki verið haldnir. Þannig hafa foreldrar/forráðamenn mun færri tækifæri til að kynnast skólastarfinu á beinan hátt og sameiginleg samvera foreldra og barna í árgöngum lítil sem engin.



Nemendum í Egilsstaðaskóla virðist almennt líða vel en sem fyrr er áhugi á lestri og stærðfræði minnkandi. Sérstaklega þarf að horfa til þess hvernig efla má áhuga á lestri hjá nemendum í yngstu bekkjunum þar sem lestur er mikil undirstaða frekari náms og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Foreldrar og forráðamenn eru almennt jákvæðir í garð skólans og aukin ánægja er með úrvinnslu eineltismála en þeim hefur einnig fækkað til muna. Huga þarf að liðan starfsfólks og skýra hlutverk og ábyrgð þeirra. Mikið hefur mætt á starfsfólki skólanna síðustu misseri og því mikilvægt að horft sé til þess hvernig styðja má betur við starfsfólk.

Skýrsla þessi verður kynnt starfsfólki, nemendum, skólaráði og fræðsluyfirvöldum og unnar tillögur til úrbóta fyrir komandi skólaár.

Egilsstaðaskóli



Fimm ára matsáætlun 2021-2026

Samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Matið skal vera tengt markmiðum skólans og aðferðir skulu taka mið af sérstöðu skólans og þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Gagnaöflun innra mats á skólastarfi í Egilsstaðaskóla byggir m.a. á þátttöku skólans í Skólapulsinum. Allir nemendur 1.- 5. bekkjar tóku stutta könnun í vetur en nemendur í 6.-10. bekk taka könnunina fjórum sinnum á vetri í smærri hópum. Í kjölfar kannana berast stjórnendum upplýsingar um matsþætti sem kanna virkni nemenda, líðan þeirra og skóla- og bekkjaranda. Starfsmannakönnun Skólapulsin fer fram í mars á ári hverju og niðurstöður hennar berast skólanum í byrjun apríl. Foreldrakönnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert. Könnunin er gerð meðal foreldra barna á öllum aldurstigum skólans. Könnuninni svara 120 foreldra líkindaúrtak.

Aðrir þættir sem lagðir eru til grundvallar mati á skólastarfi í Egilsstaðaskóla eru eineltiskönnun á vegum Olweusarverkefnisins sem lögð er fyrir alla nemendur skólans frá 4.-10. bekk í nóvember. Þar að auki eru foreldrafundir og rýnifundir með nemendum og foreldrum. Að öðru leyti mótast aðferðir við innra mat af því viðfangsefni sem verið er að meta.

Niðurstöður innra mats skólans eru birtar í matsskýrslu sem gefin er út hvert vor. Þær eru kynntar í skólaráði, fræðslunefnd, foreldrum, nemendum og starfsmönnum. Það er gert með eftirfarandi hætti. Skýrslunni er dreift til fulltrúa í fræðslunefnd og skólaráði og fylgt eftir með kynningu á fundum þessara ráða. Foreldrum eru kynntar helstu niðurstöður í fréttabréfi auk þess sem hluti af niðurstöðum eru einnig kynntar á heimasíðu skólans. Nemendum í 6.-10. bekk eru kynntir helstu þættir með stuttum kynningum í bekk. Starfsmönnum eru kynntar helstu niðurstöður á starfsmannafundum. Matsskýrsla skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans og einnig matsáætlun, úrbótaáætlun og upplýsingar um matshóp skólans.

Hér fyrir neðan eru viðfangsefni mats á skólastarfi í Egilsstaðaskóla og hvaða viðfangsefni eru í brennidepli á hverju skólaári.

	2022 - 2023	2023 - 2024	2024- 2025	2025 - 2026	2026- 2027
Skólanámskrá t.d. stefna, markmið, inntak náms og námsmat					
Starfsáætlun, t.d. skipulag, verkferlar og stoðþjónusta					
Nám og námsárangur					
Nemendur t.d. líðan, þarfir, starfsandi og samstarf					
Kennsla - Kennsluhættir, fagmennska					
Starfsfólk t.d. líðan, starfsandi og samstarf					
Stjórnun					
Viðmót og menning skóla					
Aðbúnaður, vinnuaðstaða					
Samstarf heimila og skóla					
Ytri tengsl t.d. við önnur skólastig og nærsamfélagið					
Umbótaáðgerðir / þróunarstarf					

